

215. fundur Umferðarráðs

215. fundur Umferðarráðs var haldinn í húsakynnum Umferðarstofu að Borgartúni 30, 15. mars 2007 og hófst klukkan 13:40.

Mætt voru: Kjartan Magnússon, Birna Hreiðarsdóttir, Ástgeir Þorsteinsson, Dagrún Jónsdóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Runólfur Ólafsson, Ólafur Guðmundsson, Morten Lange, Egill Bjarnason, Jónas Þorgeirsson, Jón Ólafsson, Sigrún A. Þorsteinsdóttir, Birgir Hákonarson, og Auður Þóra Árnadóttir. Fundargerð ritaði Sigurður Helgason.

Eftirfarandi má voru til umræðu á fundinum:

1. Kynning á verkefnum í umferðaröryggisáætlun

Birgir Hákonarson framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu kynnti verkefnin. Meginþættirirnir eru eins og mörg undanfarin ár ökuhraði, barátta gegn ölvunarakstri, akstri ökumanna undir áhrifum fíkjniefna og notkun öryggibúnaðar, þ.e. bílbelta og barnabílstóla. Varðandi hraðann verður mest áhersla lögð á sömu þætti og á undanförunum árum, það er eftirlit, áróður og fræðslu. Þar sem áfengi kom við sögu á árinu 2006 er sérstök ástæða til að herða róðurinn í þeirri baráttu. Þar sem áfengi kom við sögu á árinu 2006 er sérstök ástæða til að herða róðurinn í þeirri baráttu. Birgir nefndi atriði eins og leiðbeinandi hraðamerkingar, einnig verður lögð áhersla á að eyða svartblettum, auka öryggi vega með vegriðum og því að lagfæra umhverfi þeirra til að lágmarka hættu ef ekið er útaf. Þá verður unnið að gerð hvíldarsvæða til að auðvelda atvinnubílstjórum að fylgja reglum um hvíldartíma. Einnig verður reynt að koma í veg fyrir slys vegna búfjár á vegum landsins með því lagfæra girðingar.

2. Reglugerð um ökuskírteini – ökugerði

Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur í samgönguráðuneyti kynnti tillögur um breytingar, einkum varðandi notkun ökugerða og akstursþjálfunarsvæða í kennslu. ákvæði um kennslu í ökugerði. Birna sagði að lengi hafi menn reynt að koma upp aksturskennslusvæði. Þar hafi ökukennarar verið fremstir í flokki. Núna væri málið að komast á lokastig og að svæði verði komið á fót innan skamms og er gert ráð fyrir að öllum ökunemum verði gert skylt að njóta kennslu á slíku svæði frá og með 1. janúar 2008. Þarna er gert ráð fyrir möguleikum á kennslu á hálkubraut og að auka skilning nýliða á þeim hættu sem fylgja akstri við hættulegar aðstæður. Óskað hefur verið eftir því að aðilar sem hafa áhuga á að standa að sínum reglu geri grein fyrir hugmyndum sínum og að nokkrir aðilar hafi haft samband við samgönguráðuneyti. Gert er ráð fyrir að sérþjálfarar ökukennarar annist kennslu á svæðunum.

3. Samanburður á 2+1 og 2+2 vegaútfærslum

Eiríkur Bjarnason verkfræðingur í samgönguráðuneytinu gerði grein fyrir ýmsum hliðum þess máls. (Ályktun um þetta efni er meðal ályktana hér á síðunni.) Eiríkur sagði að þegar slík mál væru skoðuð væri byrjað að huga að því hversu mikil umferð væri um þá vegi sem um væri að ræða. Afkastagetu mismunandi vega þyrfti einnig að skoða. Þá væri farið yfir slysatíðni á tilteknum vegum og loks þarf að huga að

kostnaði við viðkomandi framkvæmdir. Hann sagði að ef gera ætti veg væri gert ráð fyrir að væri dagsumferð 10 til 12 þúsund bílar. Á 2+1 vegi væri gert ráð fyrir 15 til 20 þúsund bíla dagsumferð en á 2+2 vegi alltaf 60 þúsund bíla dagsumferð. Hann sagði að samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar væri umferð langtum minni en 2+1 vegu annar með góðu móti.

Hann vakti athygli á því að mjög óveruleg fækkun slysa næðist með því að stórauka fjárfestingu með gerð 2+2 vegar miðað við 2+1 veg með vegriði. Þannig væri lítil arðsemi af framkvæmdinni og því væru peningarnir betur nýttir til að lengja aðra 1+1 vegir væru ekki nægjanlegir á þeim köflum á Suðurlandsvegi þar sem umferð væri minnst. Hins vegar væri þá eðlilegt að breikka þá 8,5 til 10 metra. Eiríkur sagði að 2+1 kaflinn í Svínahrauni væri 14 metra breiður, en við frekari breikkun vega verður hann 15 til 15,5 metrar á breidd. Þar með muni þægindi við akstur aukast, en hugsanlega einnig ökuhraði. Hann sagði að hámarksafköst á vegum væru miðuð við 60 til 70 kílómetra hraða.

4. Umferðaröryggisvika Sameinuðu þjóðanna – verkefnastaða

Einar Magnús Magnússon fór yfir undirbúning og drög að dagskrá vikunnar. Hann sagði vikan yrði kynnt á fréttamannafundi í Forvarnahúsi og að jafnframt Myndi samgönguráðherra opna sýningu sem fjallar um umferðaröryggi fjölskyldunnar. Þá verði haldnir fræðslufundir fyrir stjórnámálmenn, bæði á landsvísu og innan sveitarstjórna þar sem fjallað yrði um umferðaröryggismál. Þá yrðu haldnir tónleikar fyrir ungt fólk (þeir féllu niður af óviðráðanlegum orsökum). Gert væri ráð fyrir að fyrirtækið Frumherji komi upp umferðarleikvæll fyrir börn þar sem þau geti verið í þar til gerðum bílum. Þá verður lögð áhersla á öryggi hjólreiðamanna í samráði við þá og Sniglarnir munu efna til hópaksturs í tengslum við vikuna og einnig verði vakin athygli á öryggi þeirra. Gert er ráð fyrir að efnt verði til akstursæfinga á lokuðu og öruggu akstursvæði á Keflavíkurflugvelli, þar sem miklar öryggiskröfur verða í gildi. Unnið er að útgáfu sérstaks blaðs sem dreift verði inn á hvert heimili í landinu, þar sem athygli verður vakin á umferðaröryggismálum á ýmsan hátt. Þá verður reynt að vera í sambandi við grunnskóla og koma á framfæri við þá fræðslufni, sem nota mætti í vikunni og einnig síðar. Þá var gert ráð fyrir sérstakri heimasíðu, þar sem sérstaklega yrði fjallað um vikuna.

Fundi var slitið 16.00